# Erindisbréf fyrir stýrihóp Heilsueflandi samfélags í ……………………………………………………………… (nafn sveitarfélags)

**Bakgrunnur og markmið með stofnun stýrihópsins**

Stýrihópurinn er stofnaður í aðdraganda þess að ……………………. (nafn sveitarfélags) hefur ákveðið að taka þátt í verkefni Embætti Landlæknis um heilsueflandi samfélög. Í Heilsueflandi samfélagi er unnið markvisst lýðheilsustarf út frá gögnum t.d. frá Landlæknisembættinu: lýðheilsuvísum og gátlistum, og eigin þarfagreiningum. Eins skal stuðst við önnur viðeigandi gögn sem sveitarfélagið hefur aðgang að, t.d. Skólapúls. Það er gert til að meta stöðuna með tilliti til þarfa og óska íbúa á öllum æviskeiðum og forgangsraða í samræmi við þá greiningu. Eitt af meginmarkmið starfsins að skapa umhverfi og aðstæður sem stuðla að heilbrigðum lifnaðarháttum, heilsu og vellíðan allra íbúa í ………………………………………..

Unnið er heildstætt með áhrifaþætti heilbrigðis og vellíðunar.
Áhrifaþættir heilbrigðis eru:

Einstaklingstengt:

- Aldur, kyn og erfðir
- Lifnaðarhættir
- Fjölskylda, vinátta og félagstengsl

Umhverfistengt:

- Aðstæður í lífi, leik og starfi
- Félags-, efnahags- og menningarlegarlegar aðstæður, manngert og náttúrulegt umhverfi




Markvisst verður unnið að því að gera holla valið að auðvelda valinu, og mun hvert ár hafa sitt þema:

- Hreyfing og útivera
- Næring
- Geðrækt, líðan og félagsleg virkni
- Heilbrigðir lifnaðarhættir, öryggi og sjálfbærni

**Frá Landlæknis embættinu: Leiðarljós Heilsueflandi samfélags**

- Virk þátttaka samfélagsins í heild með aðkomu helstu hagsmunaaðila.
- Starfið byggir á bestu þekkingu og reynslu á hverjum tíma.
- Valda ekki skaða (*do no harm*) með því að huga ávallt að áhrifum starfsins á andlega, líkamlega og félagslega heilsu og vellíðan allra íbúa.

- Jöfnuður til heilsu með almennum aðgerðum og aðgerðum sem taka tillit til viðkvæmra hópa.
- Sjálfbærni með áherslu á starf og árangur til lengri tíma litið.

Meiri upplýsingar um verkefnið má finna á síðu Embættis Landlæknis: https://www.landlaeknir.is/heilsa-og-lidan/verkefni/item28551/Heilsueflandi-samfelag

**Verkefni stýrihópsins**

- Gera tillögu um lýðheilsustefnu/samfélagsstefnu sveitarfélagsins.
- September/október ár hvert komi stýrihópur með tillögur um verkefni næsta árs þannig að hægt sé að taka tillit til þeirra við fjárhagsáætlun næsta árs. Þessar skulu vera metnar að bæði kostnaði og umfangi og vera unnar út frá þarfagreiningu, gátlistum og lýðheilsuvísum.
- Í desember/janúar sé gerð aðgerðaráætlun fyrir framkvæmdir og aðgerðir út frá fjárhagsáætlun hvers árs.
- Verkefnastjóri, ásamt stýrihópi, fylgi eftir aðgerðaáætlun og kynni reglulega fyrir sveitarstjórn framvindun mála (stöðuskýrsla)
- Verkefnastjóri, í samstarfi með stýrihóp, haldi uppi virku upplýsingastreymi og kynningum um Heilsueflandi samfélag á heimasíðu, fréttabréfi og fésbókarsíðum sveitarfélagsins. Og eins þegar við á með öðrum sveitarfélögum sem eru í samstarfi um Heilsueflandi Uppsveitir.
- Í samstarfi með verkefnastjóra vinni og kynni ársskýrslu Heilsueflandi samfélags í ……………….
- Í samstafi með sveitarstjórn verði leitast við samstarfi við öll starfssvið og starfsstöðvar sveitarfélagsins, og einnig nefnir og félagasamtök til að vinna að sjálfbærni í okkar heislueflandi samfélagi. Stefnt er að að hafa: „Heilsu í öllum stefnum og aðgerðum“.
- Ár hvert, í febrúar, meti stýrihópur vinnu síðasta árs og velji einstakling, fyrirtæki, stofnun eða félagasamtök fái viðurkenningu fyrir heilsueflandi starf sem ekki aðeins snerti sitt eigið umhverfi heldur einnig nærsamfélagið í kring (fjölskyldur, viðskiptavini eða nágrana).
- Almennt séð ber vinna stýrihópsins taka tillit til Heimsmarkmiða sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun. Þau byggja á þremur grunnstoðum sjálfbærrar þróunar þ.e. félagslegri, efnahagslegri og umhverfislegri sjálfbærni, með áherslu á að skilja engan eftir. Sérstaklega má vinna út frá hvernig markmið nr. 3, um heilsu og vellíðan, tengist hinum markmiðunum:



**Starfstími**
Stýrihópurinn starfar frá janúar 2020 og starfar næstu tvö árin, eða að næstu sveitarstjórnarkosningum. Æskilegt er þó að síðan þema heilsueflandi samfélags er skipt niður á fjögur ár að sami stýrihópurinn starfi fyrstu fjögur árin. Annars skal stýrihópur vera virkur svo lengi sem samningur er í gildi milli …………………………… og Embættis Landlæknis um Heilsueflandi samfélag.

**Verklag**
Verkefnastjóri annast eftirfylgni mála á milli funda. Stýrihópurinn skal funda að jafnaði annan/þriðja hvern mánuð en oftar ef þörf þykir. Hámark fjöldi funda á ári skal vera 6x. Á fundum skulu ritaðar fundargerðir, þar sem fram koma helstu ákvarðanir, verkefni sem unnin skulu á milli funda og annað það sem máli skiptir fyrir störf hópsins. Stýrihópurinn er launaður samkvæmt reglum sveitarfélagsins um nefndarstörf.

**Fulltrúar í stýrihópnum**

Elín Mokvist elinmoq@siment.is 868-3006

Hrönn Jónsdóttir hronn@vesturland.is 848-1426

Karen Óskarsdóttir karen@thjorsarskoli.is 865-6277